

Nd.

453. Nefndarálit

um frv. til laga nm gagnfræðaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin er sammála nm það, að tímabært sé að koma skipulagi á ungmennafræðslu í kaupstöðum, og leggur til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum. Jafnframt vill nefndin óska þess, að hæstvirt stjórn beri á næsta þingi fram tillögu nm skipun iðnfræðslu, og telur þá sjálfsagt, að iðnfræðslan verði rekin í nánú sambandi við ungmennafræðsluna. Sérstaklega telur nefndin nauðsynlegt, að höfð sé hliðsjón af því samstarfi, þegar ráðstafanir eru gerðar nm ungmennafræðslu fyrir Reykjavík. Nefndin telur og sjálfsagt, að slíkt samstarf fleiri skóla sé haft í huga, þegar ráðið verður í húsbyggingu fyrir gagnfræðaskóla Reykjavíkur, því það er vafalaust, að talsvert má spara með því að hafa fleiri skóla undir sama þaki, a. m. k. að nokkuru leyti, og samstarfandi, bæði í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði, auk þess hagræðis, sem af samstarfi leiðir um kennsluna.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Í stað »fyrir landsstjórnina« komi: landsstjórninni.
2. Við 6. gr. Í stað »dönsku eða sænsku, ensku« i annari málsgrein komi: eitt Norðurlandamálaöna eða ensku.
3. Við 18. gr. Í stað orðanna »sem síðar kynni að þykja heppilegt að reisa við hlið hans« i fyrri málsgrein komi: sem síðar yrði ákveðið að reka í sambandi við hann.
4. Á eftir 18. gr. komi ný grein, sem verður 19. gr., svo hljóðandi:

Heimilt skal ríkisstjórninni að taka lán til stofnfjárgreiðslu að sínum hluta, samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 37 1929, um héraðsskóla, að því leyti sem þörf krefur og árlegar fjárveitingar ekki hrökkva til.

5. Aftan við 20. gr. bætist: Jafnframt eru úr gildi nnum lög nr. 68 1928, um bráðabirgða-ningmennafræðslu í Reykjavík.
6. Greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 8. apríl 1930.

Ásgeir Ásgeirsson, Sveinn Ólafsson. Jón Ólafsson.
form. og frsm.

Bernh. Stefánsson. Magnús Jónsson.
fundaskr.